

Punktur vegna: Dreifibréf Ríkiskaupa dags. 16. janúar 2017: „Breytt fyrirkomulag vegna innheimtu á umsýsluþóknun í rammasamningum ríkisins- Dreifibréf til sveitarfélaga”

Rammasamningar ríkisins(RS) fram til 31/12 2016. Eðli RS hefur fram að þessu verið leið fyrir ríkið til að búa til ákveðinn ramma fyrir ríkisstofnanir og aðra opinbera aðila til að geta stundað hagkvæm viðskipti líkt og á einkamarkaði, en uppfylla jafnframt ákvæði laga um opinber innkaup. Ríkiskaup(RK) hafa farið í rammasamningsútboð á ákveðinni vöru eða þjónustu á EES svæðinu og venjulega samið við fáa birgja um hvern og einn vöruflokk eða flokka. Kaupendur(aðilar að RS) hafa þá getað gengið að því vísu að þeir söluaðilar sem samið hefur verið við, uppfylli allavega þær kröfur sem settar hafa verið fram í útboðslýsingu (ákveðin vottun um að birgjar geti staðið við sölu og uppfyllt ákveðna umhverfis og gæðastaðla) og þó ekki hafi verið lofað ákveðnu tilteknu magni frá hverjum og einum að þá er áætlað magn viðskiptanna nokkurn veginn vitað yfir ákveðið tímabil.

RS hafa fram að þessu gefið kaupendum ákveðinn lágmarksaflátt fyrir minni kaup, en kaupendur hafa haft frelsi til þess að gera verðsamanburð á milli söluaðila innan RS og hafi fyrirhuguð kaup verið umtalsverð, þá hafa kaupendur getað farið í verðfyrirspurnir eða örútböð innan RS, þar sem öllum rammasamningsaðilum hefur verið boðið að taka þátt.

Mikið hagræði fyrir marga kaupendur hefur þannig verið að fá allavega lágmarksaflátt af innkaupum sínum, geta framkvæmt á stuttum tíma verðfyrirspurn eða örútböð og ekki síst, tryggt það að þurfa ekki að fara í flókið útboðsferli með mikið að kaupum sínum með því að vera aðili að RS, því ef ekki væri fyrir aðild að einhverskonar RS, þá þyrftu margir opinberir aðilar stöðugt að vera að móta útboðslýsingar vegna vöru og þjónustukaupa til að uppfylla ákvæði opinberra laga um innkaup.

Söluaðilar hafa síðan þurft að standa skil á upplýsingagjöf(söluyfirlitum) og greiðslum ársfjórðunglega til RK allt frá 0,5% - 2% eftir tegund rammasamnings, þannig hafa kaupendur fengið beint til sín þann lágmarksaflátt sem skilgreindur hefur verið í RS og söluaðilar síðan gert skil til RK á þeirra hluta, sem hefur staðið undir rekstri RK fram að þessu og sami háttur hefur verið á varðandi verðfyrirspurnir og örútböð að kaupendur hafa fengið til sín þann boðna afslátt og hafa síðan ekki þurft að hafa áhyggjur af skilum seljenda til RK vegna slíkra kaupa. Þessi háttur hefur verið skilgreindur í hverjum og einum RS fram að þessu.

Með þessari breytingu nú að setja RK á fjárlög og láta hluta af fjárframlagi A hluta stofnana fjármagna rekstur RK, þá er verið að reyna að bregðast við því að kaup sumra þeirra hafi ekki verið skv. leikreglunum og það látið bitna á öllum öðrum aðilum RS. Með þessari breytingu sem kynnt var í dreifibréfi dags. 16. janúar 2017: „Breytt fyrirkomulag vegna innheimtu á umsýsluþóknun í rammasamningum ríkisins- Dreifibréf til sveitarfélaga” er verið að fela aðilum RS að gerast sérstakir eftirlits- og innheimtuaðilar fyrir ríkið með því að passa upp á að söluaðilar skili þóknun Ríkiskaupa til aðila/notenda og þeir standi svo vaktina um að þessi þóknun skili sér og standi svo skil á henni til RK. Þarna er verið að breyta einföldu ferli, sem sátt hefur ríkt um í flókinn eftirlitsiðnað, þar sem allir aðilar RS eiga að fylgjast með og passa upp á að þóknun ríkisins skili sér til aðila RS og svo eigi þeir að standa skil á þeirri þóknun til ríkisins!

Margir aðilar hafa farið á undanförunum árum í verðfyrirspurnir/örútböð innan RS og samið við aðila um kaup á vöru eða þjónustu til nokkurra ára jafnvel 5 ára fyrir ákveðið verð(sólarlagsákvæði), en nú eiga þeir að fara að passa upp á að ríkið fái sitt, þar sem búið er að setja enn eina ríkisstofnun á fjárlög þ.e. RK og hún er ekki betur fjármögnuð en það að 500 - 600 aðilar RS eiga að fara að fylgjast með, innheimta, geyma og standa skil á hluta af fjármögnun þessarar nýju ríkisstofnunar.

Ekki óeðlilegt þegar svona veigamiklar breytingar eru gerðar að a.m.k. eins árs aðlögunartími sé notaður til kynningar og breytinga.